

## **Niðurstaða úttektar á regluvörslu í Marel hf.**

Þann 30. ágúst sl. gerði Fjármálaeftirlitið úttekt á framkvæmd reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja hjá Marel hf. fyrir tímabilið 1. september 2005 til 29. ágúst 2006.

### **I. Regluvörður og starfssvið hans**

Regluvörður hefur gott aðgengi að stjórnendum félagsins og hefur góða yfirsýn yfir innherjaupplýsingar innan félagsins. Kynningar og fræðsla til innherja er almennt góð. Misbrestur er þó á því að innherjar fái sendar allar þær upplýsingar sem krafa er gerð um í 8. gr. reglna FME og gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við félagið vegna þessa.

### **II. Reglur stjórnar**

Stjórn Marel hf. hefur sett reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og viðmið varðandi hverja skuli setja á fruminnherjalista og hvaða fruminnherja skuli teljast til stjórnenda í skilningi 3. mgr. 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

### **III. Innherjalistar**

#### ***A. Fruminnherjalistar og listar yfir fjárhagslega tengda aðila***

Fruminnherjalistar félagsins og listar yfir fjárhagslega tengda aðila eru almennt í góðu horfi. Fjármálaeftirlitið gerði þó athugasemd við að margir af stjórnendum stærstu dótturfélaganna væru á fruminnherjalista en ekki dótturfélögin sjálf og enn fremur að þau dótturfélög Marel hf., sem ekki ættu heima á fruminnherjalista, væru heldur ekki skráð á lista félagsins yfir fjárhagslega tengda aðila. Gerði Fjármálaeftirlitið kröfu um að bætt yrði úr.

#### ***B. Listar yfir tímabundna innherja***

Enginn listi yfir tímabundna innherja var sendur Fjármálaeftirlitinu á því tímabili sem úttektin tók til, þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið telji að í nokkrum tilvikum hafi verið ástæða til að senda inn slíka lista. Gerði Fjármálaeftirlitið alvarlega athugasemd við félagið vegna þessa.

#### **IV. Viðskipti innherja og mat á innherjaupplýsingum**

Verklag vegna samskipta regluvarðar og innherja er í góðu horfi. Ekki var hægt að sjá annað en að rannsóknar- og tilkynningarskyldu innherja hafi verið fylgt við framkvæmda viðskipta með hlutabréf í félaginu. Óljóst var þó af færslum í samskiptabók hvort rannsóknarskyldu hafi verið sinnt vegna viðskipta félagsins með eigin bréf og gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við félagið vegna þessa.

Skráning regluvarðar í samskiptabók er almennt góð. Færslurnar höfðu þó ekki ávallt að geyma allar þær upplýsingar sem krafa er gerð um í reglum FME og gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við félagið vegna þessa. Ennfremur gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að ekkert væri skráð varðandi mat á innherjaupplýsingum innan félagsins þegar félagið átti viðskipti með eigin bréf.

#### **V. Niðurstaða**

Er það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að regluvarsla hjá Marel hf. sé almennt í góðu horfi og að metnaður og vilji sé til staðar hjá félaginu til að framkvæmd reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé eins og best verður á kosið. Skráningu í samskiptabók er í einhverjum tilvikum ábótavant. Enginn listi yfir tímabundna innherja var sendur Fjármálaeftirlitinu á tímabilinu, þrátt fyrir að ástæða hafi verið til og virðist sem bæta megi úr þekkingu á þýðingu og tilgangi lista yfir tímabundna innherja hjá félaginu.